

AUGLÝSING

**um takmarkanir við flutningi sláturfjár
innan og milli sauðfjárveikivarnarsvæða.**

1. gr.

1. Óheimilt er að flytja til slátrunar á Hornafirði fullorðið fé af svæðum norðan Hamarsár. Sama gildir um fullorðið fé úr varnarhólfum vestan Þjórsár.
2. Óheimilt er að flytja til slátrunar á Kópaskeri fullorðið fé af svæðum vestan Jökulsár á Fjöllum. Sama gildir um sláturfé úr Jökulsárhlíð, Jökuldal og svæðum sunnan Jökulsár á Brú.

2. gr.

Með brot gegn auglýsingu þessari skal farið skv. 30. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum.

3. gr.

Auglýsing þessi er birt samkvæmt heimild í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 620/2008 um takmarkanir við flutningi sláturfjár innan og milli sauðfjárveikivarnarsvæða.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 8. desember 2014.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Ólafur Friðriksson.

Rebekka Hilmarsdóttir.